

AUGLÝSING**um gjald fyrir stöðumæla í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Í Ingólfsstræti og Þingholtsstræti verður gjald fyrir afnot stöðumæla-reita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. janúar 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 33.

4. febrúar 1970.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 95 31. maí 1960, um sölu og útflutning á vörum.****1. gr.**

Í stað orðanna í 1 gr. „að verðmæti allt að 1000 krónum“, komi „að verðmæti allt að 4000 krónum“.

2. gr.

Í stað orðanna í 3. gr. „Samráð skal haft við Landsbanka Íslands, Seðlabankann,“ komi Samráð skal haft við Seðlabanka Íslands.“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 30 frá 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi

Viðskiptaráðuneytið, 4. febrúar 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Stefán Gunnlaugsson.

Nr. 34.

6. febrúar 1970.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Frakkastíg frá Njálsgötu að Lindargötu.
2. Stöðvunarskylda verður á Réttarholtsvegi gagnvart umferð um Miklubraut. Á afrennslisbrautum verður þó biðskylda.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. febrúar 1970.

Sigurjón Sigurðsson.